



Æviágrip

Leikur að mörkum og skilgreiningum er iðja sem varpar fram spurningum um hið listræna sjálf ekki síður en um afurðir þess. Útkoman eru verk sem eru alls konar en þó með ákveðnu svipmóti. Ferill Páls Hauks spannar allt frá hinu ofur einfalda til hins ofur flókna, frá því sem mótask af nauðhyggju til þess sem er háð geðþótta, og blandar þessu tvennu oft saman með ófyrirséðum afleiðingum.

Páll Haukur stundaði nám í Listaháskóla Íslands og í California Institute of the Arts þar sem hann hlaut MFA-gráðu árið 2013. Í innsetningum hans er notast við teikningar, skúlpúr og gjörninga; þær hafa verið sýndar frá árinu 2008 á Íslandi, í Evrópu og í Bandaríkjunum. Hann býr og starfar í Reykjavík.

Bio

Playing with boundaries and definitions is a practice where the artistic self is as much a suspect in the interrogative process as are its products. Resulting in a versatile but distinct body of work, Páll Haukur's process ranges from the minimal to the maximal, the deterministic to the arbitrary, often mixing the two together with unforeseen consequences.

Páll Haukur studied at the Icelandic Academy of the Arts and the California Institute of the Arts where he graduated with a MFA in 2013. With a focus on drawing, sculpture and performance, his installations have been shown in Iceland, Europe and the US since 2008. He lives and works in Reykjavík.

Sýningarstjóri / Curator: Rósa Gísladóttir
Ensk þýðing / Translation: Nicholas Jones
Myndir skotnar af Gulla Má ljósmyndara
The photos were shot by photographer Gulli Már.

Listvinafélag Hallgrímskirkju / The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 37th season
listvinafelag.is

PÁLL HAUKUR

ÓSEGJANLEIKI AN UNSPEAKABLE



HALLGRÍMSKIRKJA
8. september - 24. nóvember 2019

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU
37. STARFSÁR

Hvort vegur þyngra, kíló af dúni eða kíló af blýi?

Eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttir

Þegar ég var lítil ¹ hafði ég gaman af að leggja fyrir fólk gátur sem voru í raun gildirur. Gleðin yfir því að einhver héldi að kíló af blýi væri þyngra en kíló af dúni var alfarið á kostnað fórnarlambins og allt annað en göfug. Eftir á að hyggja var þessi agressívi húmor kannski bældur uppreisnarandi og eðlileg viðbrögð við félagsmótandi vígslunni inn í hinn takmarkaða og mælanlega heim. ² „Haha“, segir uppreisnarandinn. „Þið eruð svo upptekin af því að blý vegi þyngra en dúnn að þið hrasíð um staðreyndirnar. ³ Í viðleitninni til að draga upp mynd af heiminum sem efnislegum hlut sem myndi passa í eitthvað ílát — ef ílátið væri bara nógu stórt — fer hinn augljósasti sannleikur framhjá ykkur. ⁴“

Hvort á maður að segja, geitafjöður í hatti eða geitafjöður á hatti? ⁵

Hvers vegna ættum við að vilja heim sem passar — eða passar ekki — í mæliker? Getur verið að við miðum allt út frá sjálfum okkur og upplifum því smæð okkar frammi fyrir eilífð og ómæli? ⁶

Við erum bæði mælanleg og ómælanleg. Við erum tími og rými. Elífð og geimur. Við erum ílátið sem myndi rúma heiminn — ef heimurinn væri hlutur.

¹ Hversu lítil? Lítil miðað við hvað?

² Nei, það er ekki hægt vegna þess að það eru ekki nema tuttugu og fjórar stundir í einum sólarhring. Það er ekki hægt vegna þess að. Það er ekki hægt.

³ Dúnn er ekki í eðli sínu léttari en blý, en mýktin er meiri að umfangi en harkan. Óendanleg mýkt væri þá óendanleg að umfangi. Þegar við hrösum er það þá inn í mýkt sem er óendanleg og því alstaðar. Megi svo vera. Amen.

⁴ Samt ekki alveg. Það sem við lifum og hrærumst í getur aldrei farið alveg framhjá okkur. Alveg eins og vatnið fer ekki framhjá fiskinum þótt hann hafi aldrei hugsað út í hvað það er sem umlykur hann.

⁵ Við eigum það við eigin samvisku hvort við ruglum fólk í ríminu með heimatilbúnum furðuskepnum og öðrum skáldskap.

⁶ Það að upplifa smæð sína hefur hingað til þótt góð íþrótt og til marks um heilbrigða auðmýkt. En allt vesen heimsins er til komið vegna mannlegrar minnimáttarkenndar. Sem er aftur til komin vegna tregðunnar til að gangast við eigin óendanleika.

Which is heavier, a kilo of feathers or a kilo of lead?

By Gudrun Eva Mínervudóttir

When I was small ¹ I used to enjoy setting people riddles that were actually traps for the unwary. The joy I felt when someone thought a kilo of lead was heavier than a kilo of feathers was totally at the expense of the victim and anything but noble. Thinking back on it, was this aggressive chaffing maybe a suppressed rebelliousness and a natural reaction to our socialising initiation into the world of limits and measurements. ² ‘Ha ha,’ says the spirit of rebellion. ‘You’re so taken up with lead being heavier than feathers that you trip up over the facts.’ ³ In seeking to formulate an image of the world as a material object that would fit into some container – if the container was only big enough – the most obvious truth escapes you.’ ⁴

Is it more correct to say pencils are made of lead or from lead? ⁵

Why should we want a world that fits – or doesn’t fit – inside a measuring jug? Can it be that we base everything on our own perspective, on our own scale, and so experience our smallness in the face of eternity and the immeasurable? ⁶

We are both measurable and immeasurable. We are time and space. Eternity and infinity. We are the container that could hold the world – if the world was a thing.

¹ How small? Small compared to what?

² No, it can’t be this, as there are only twenty-four hours in a day. It can’t be this because. It can’t be this.

³ Feathers are not inherently lighter than lead, but the softness has greater extent than the hardness. Infinite softness would then be infinite in extent. So when we trip it is into softness, which is infinite and so everywhere. So be it. Amen.

⁴ But even so not entirely. Whatever we live and move in cannot escape us completely. Just as water does not escape the fish, even if it has never given a moment’s thought to what it is that surrounds it.

⁵ It’s a matter for our own conscience whether we perplex people with home-made cockatrices or other fictions.

⁶ Experiencing one’s smallness has hitherto been considered a good exercise and the mark of a healthy humility. But all the world’s vexation comes about through our sense of human inferiority. Which in turn comes about through our reluctance to recognise our own illimitability.

